

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
154. löggjafarþing 2023-2024
Þingskjal 1088 – 726. mál
Stjórnarfumvarp



HS ORKA

Svartsengi
240 Grindavík
Iceland

+354 520 9300
hsorka@hsorka.is

www.hsorka.is

Kópavogur, 28. mars 2024

Umsögn um frumvarp til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu.

HS Orka þakkar fyrir það tækifæri að veita umsögn um ofangreint mál og vísar til fyrri umsagna sinna í samráðsgátt stjórnvalda frá 7. júlí 2022 og 11. nóvember sama ár og jafnframt í umsögn Samtaka Atvinnulífsins frá 1. nóvember 2022.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til réttarþróunar í OECD ríkjunum og innan Evrópu um rýni á erlendum fjárfestum sem hefur helgast af nýjum og síbreytilegum öryggisáskorunum sem fylgja opnu og alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. HS Orka ítrekar að ekki verði gengið lengra við rýni á erlendum fjárfestum en tilgangur laganna sé, það er að rýna hvort til staðar sé ógn við þjóðaröryggi og allsherjarreglu. Gæta þurfi þess að gildissvið lagasetningarinnar sé ekki of víðtækt og að gætt sé meðalhófs í hvívetna með fyrirsjáanlegu og skilvirku regluverki.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 3. gr. Viðkvæm svið

Hér felur löggjafinn ráðherra að tilgreina nánar í reglugerð þá starfsemi og svið sem falla undir upptalda liði í ákvæðinu. HS Orka bendir á að mikilvægi þess að gildissvið frumvarpsins sé skýrt frá upphafi svo ljóst sé hvaða starfsemi fellur undir regluverkið en núverandi ákvæði er matskennt og óljóst.

Í 3. tl. 3. gr er kveðið á um að nýting vatnsorku, jarðvarma, vindorku, náma og annarra jarðefna í þjóðlendum falli undir starfsemi á viðkvæmu sviði. Á síðustu árum hefur ítrekað verið í umræðunni sú nauðsyn að gera stjórnáráðgjafna skilvirkari þegar kemur að raforkumálum. Gera þarf nýtingarsamninga við forsætisráðuneytið eða viðkomandi sveitarfélög vegna áður upptaldar nýtingar á þjóðlendum. Eðlilegra og skilvirkara er að rýni á erlendum aðilum fari fram samhliða undirritun forsætisráðuneytisins á nýtingarsamninga í stað þess að rýni fari fram eftir undirritun af öðrum ráðherra.

Um 5. gr. Skylda til lengri tilkynningar tiltekinna viðskiptasamninga

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tilgangur ákvæðisins sé að ná almennt til viðskiptaráðstafana hverju nafni sem nefnast, sem geti tryggt erlendum aðilum yfirráð yfir eða áhrif gagnvart fyrirtæki eða öðru andlagi fjárfestingar. Samningar sem falli undir ákvæðið eigi það sammerkt að geta tryggt erlendum aðila töluverð ítök í starfsemi viðsemjandans og því talið nauðsynlegt að gerð samninga af þeim toga sem lýst er í ákvæðinu verði rýndir með tilliti til þjóðaröryggis og allsherjarreglu. HS Orka bendir á að greinin sé víðtæk og nær mun lengra en fyrirhugaður tilgangur ákvæðisins sé. Margir ef ekki nær allir samningar sem innlend fyrirtæki sem starfa á viðkvæmu sviði gera við erlenda aðila falla þarna undir þ.e. allt frá lánasamningum niður í samstarfssamninga.

Í a. lið 3.tl. 5 gr. eru talin upp samstarfsverkefni um rannsóknir og þróunarstarfsemi þar sem erlendum viðsemjandi hefur rétt til að taka ákvörðun eða hefur neitunarvald um tilhögun, umfang eða viðfangsefni samstarfsins eða rétt til að nýta sér afurðir þess. HS Orka bendir á að samstarfsverkefni um rannsóknir og þróunarstarfsemi geti verið svokölluð hliðarstarfsemi og tengist ekki kjarnastarfsemi innlenda rekstraraðilans



sem fellur undir viðkvæmt svið. Þar með getur samstarfsverkefnið fallið utan þess starfsemi sem flokkuð er á viðkvæmu sviði en þyrfti samt sem áður að fara í umrædda rýni ráðherra. Eðlilegra væri að efnistöð samstarfssamningsins falli undir starfsemi á viðkvæmu sviði í stað þess að allir slíkir samningar séu rýndir því að viðsemjandi sé innlendir rekstraraðili með kjarnastarfsemi á viðkvæmu sviði. Jafnframt er mikilvægt að innlendir aðilar sem starfa á viðkvæmu sviði geti tekið þátt í samstarfsverkefnum um rannsóknir og þróunarstarfsemi sem fer fram utan Íslands án hindrana.

Í b. og c. lið 3. tl. 5. gr. er kveðið á um samninga sem innlendir aðili með starfsemi á viðkvæmu sviði gerir við erlenda birgja ásamt rekstrar-, hönnunar-, byggingar- eða þjónustusamningum. Hér nægir að samningur sé lengri en til 24 mánaða eða með 12 mánaða uppsagnarfrest svo hann sé tilkynningaskyldur til rýni hjá ráðherra. Gildir þá einu þó samningurinn veiti ekki erlendum aðila ítök eða yferráð í starfsemi rekstraraðila á nokkurn hátt. Hér er því gengið mun lengra en þörf er á miðað við tilgang lagasetningarinnar.

Mikilvægt er fyrir atvinnulífið að geta leitað til erlendra aðila um kaup á þjónustu eða vörum til að viðhalda eðlilegri samkeppni og hagkvæmni í rekstri. Auk þess er líklegt, sérstaklega í stærri fjárfestingum með framkvæmdatíma umfram 24 mánuði, að óhjákvæmilegt sé að leita til erlendra aðila ef innlendir aðilar hafi ekki þá reynslu, þekkingu eða bolmagn sem nauðsynleg sé til að ná hagkvæmri niðurstöðu. Eins og áður greinir er það mat HS Orku að samningar með gildistíma lengur en 24 mánuði gefa viðsemjanda ekki, einir og sér töluverð ítök í starfsemi rekstraraðila og gildir þar einu hvort um sé að ræða innlenda eða erlenda viðsemjanda.

Um IV kafla málsmeðferð

HS Orka bendir á að málsmeðferðartími við rýni samninga sé mjög langur út frá viðskiptalegu sjónarhorni, 25 virkir dagar og að allt að 100 virkum dögum. Hér má nefna í dæmaskyni lánssamning vegna endurfjármögnunar lána, samning við birgja vegna nauðsynlegra varahluta til að halda starfsemi gangandi eða rekstrarsamning á mikilvægu kerfi eða búnaði. Séu slíkir samningar lengi í rýni getur það haft í för með sér miklar rekstrartruflanir hjá innlendum aðila sem starfar á viðkvæmu sviði. Í frumvarpinu er jafnframt óljóst hvaða gögn það eru nákvæmlega sem erlendir aðilar skulu senda inn með tilkynningunni, matsviðmiðin eru sum staðar matskennd t.d. hvernig meta skuli orðspor og reynslu hins erlenda aðila, undantekning frá tilkynningarskyldu er ekki útfærð á neinn hátt í frumvarpinu og sú áhætta er ávallt fyrir hendi að ráðherra geti að eigin frumkvæði breytt ákvörðun sinni eða afturkallað hana á hvaða tíma sem er.

HS Orka ítrekar að gæta þurfi meðalhófs í hvívetna með fyrirsjáanlegu og skilvirku regluverki. Nauðsynlegt er að íþyngjandi ákvæði eigi sér skýra stoð í lögum en verði ekki háð huglægu mati stjórnvalda. Sé það svo þá er hætt við því að regluverkið verði óskýrt, óskilvirkt og mun víðtækara en upphaflega var lagt upp með. HS Orka bendir á að kaup sem geti verið mikilvæg innlendum rekstraraðila geti skipt litlu í rekstri erlendra birgja sem gætu hæglega komist að þeirri niðurstöðu að flækjustig og óvissa rýninnar sé ekki fyrirhafnarinnar virði. Annar líklegur möguleiki er að verðlagning birgja sem selja til innlendra rekstraraðila verði óhagstæðari að teknu tilliti til þeirrar fyrirhafnar og óvissu sem stafar af rýninni.

Virðingarfyllst,
f.h. HS Orku hf.

Arna Grímsdóttir
Framkvæmdastjóri lögfræðisviðs